MIÐFLOKKURINN

Bæjarráð Kópavogs

10. nóvember 2026

Tillaga um frestun greiðslna til Betri samgangna

Bæjarráð samþykkir að framlag Kópavogsbæjar til Betri samgangna ohf. árið 2027 lækki um 25% til samræmis við lækkun framlags ríkisins og að greiðslu mismunarins verði frestað þar til ríkið greiðir sitt framlag.

Framlag Kópavogsbæjar árið 2027 er áætlað 330 m.kr. í frumvarpi að fjárhagsáætlun. Í fjárhagsáætlun fyrir seinni umræðu verði gert ráð fyrir 247,5 m.kr. framlagi og bæjarstjóra falið að tilkynna Betri samgöngum ohf. og öðrum aðilum sáttmálans um ákvörðunina.

Greinargerð

Ríkið lækkar framlag sitt til Betri samgangna árið 2027 um 2 ma.kr., eða 25%, og segir lækkunina tímabundna. Það er eðlilegt að sveitarfélögin fylgi sama hlutfalli.

Reykjavíkurborg lækkar liðinn „Samgöngusáttmáli“ úr 1.146 m.kr. í samþykktri fjárhagsáætlun 2026 í 890 m.kr. í frumvarpi að fjárhagsáætlun 2027, eða um 22%. Í umsögn borgarinnar um fjárlagafrumvarpið segir að til skoðunar sé hvort sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu fresti framlögum sínum hlutfallslega til jafns við ríkið.

Í greinargerð með fjárhagsáætlun Kópavogsbæjar 2027 segir: „Ef til þess kemur kann að koma til samskonar skerðingar af hálfu sveitarfélagsins.“ Í stofnáætlun er framlagið merkt „tala óstaðfest“.

Það er tímabært að sveitarfélög svari ríkinu í sömu mynt þegar það sker niður í málaflokkum sem eiga að vera sameiginlegir.

Fjárhagsleg áhrif

Lántaka Kópavogsbæjar árið 2027 minnkar um 82,5 m.kr. Rekstrarniðurstaða breytist ekki.

Einar Jóhannes Guðnason
Bæjarfulltrúi Miðflokksins

Skjal sótt af '0000000000' dags: 12.11.2026